

1872.

26. febrúar.

21. Tilskipun handa Íslandi, um kennslu heyrnar- og málleysingja, og fl. (á Íslenzku og Dönsku).

Vér Christian hinn Niundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs handa Íslandi um kennslu heyrnar- og málleysingja, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Foreldrar heyrnar- og mállausra barna og aðrir, sem ber að annast um uppfóstur þeirra og kennslu, skulu vera skyldir til að sjá um, að öllum slíkum börnum, þá er þau eru orðin 10—14 ára, og ef þau eru hæf til náms, verði komið annaðhvort til kennslu þeirrar fyrir heyrnar- og málleysingja, sem stofnuð er á Íslandi og stiptysfyrvöldin hafa umsjón með, einsog með þarf, eða á hinn konunglega heyrnar- og málleysingja skóla í Kaupmannahöfn, nema því að eins þeir sanni, að sèð verði um kennslu þessara barna á annan hátt, sem stiptysfyrvöldin álíta nægilega tryggan. Ef sèrstaklegar kringumstæður mæla með því, skal stiptysfyrvöldunum heimilt að gjöra undantekningu frá reglunni að framan um aldur heyrnar- og málleysingja, er þeim skuli komið til kennslu.

2. grein.

Kostnaðinn við kennslu og útbúnað barnanna og ferð þeirra til kennslustofnunarinnar skal greiða úr jafnaðarsjóði þess amts, er í hlut á, að því leyti sem barnið sjálft eða þeir, sem standa eiga straum af því, geta ekki borgað.

3. grein.

Þegar heyrnar- og málleysingjar hafa lokið náminu, og foreldrar þeirra eða aðrir vandamenn eru dánir, eða eru ekki færir um að annast þá sem skyldi, skal presti og hreppstjóra í þeirri sveit, sem þeir eiga heima í, vera skylt, að sjá um, að þeim verði komið fyrir á þá staði, þar sem þeir geti haft sem bezt not af því, er þeir hafa numið. Verði stofnaðar hreppsnefndir, skal þetta falið þeim á hendur í stað hreppstjóranna.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Ástæður fyrir lagaboði þessu ¹.

1872.

26. febrúar.

Útaf bænarskrá frá alþingi 1869² var samið frumvarp til opins bréfs handa Íslandi um kennslu heyrnar- og málleysingja og lagt fyrir þingið 1871; það ræddi síðan frumvarpið á lögskipaðan hátt og lét uppi álit sitt um það, eins og hér skal greina.

Þingið féllst á þann aðaltilgang frumvarpsins, að foreldrum heyrnar- og mállausra barna og öðrum, sem bæri að annast þau, skyldi vera skylt, að koma slíkum börnum til kennslu, ef þau væri hæf til náms og hefði náð nægum aldri, sömuleiðis gat þingið ekki annað en fallizt á, að kostnaður við kennslu og útbúnað barnanna og ferð þeirra til kennslustofnunarinnar skyldi greiða úr jafnaðarsjóði þess amts, er í hlut ætti, að því leyti, sem barnið sjálft, eða þeir, sem standa ætti straum af því, gæti ekki borgað. Þótt þingið þannig alveg féllizt á frumvarpið í aðalefninu, virtist því samt ástæða til að stinga uppá smávegis breytingum á því og viðaukum við það. Þannig virtist þinginu það réttara að tilgreina, hve háum aldri börnin ætti að hafa náð, þá er skylt væri að senda þau til kennslu, og ræði því til, að í stað orðanna: „ef þau eru hæf til náms, og hafa náð nægum aldri til þess“, verði sett: „þá er þau eru orðin 10—14 ára, og ef þau eru hæf til náms“. Ennfremur stakk þingið uppá, að það yrði gjört að aðalreglu, að heyrnar- og málleysingjar hlyti kennslu á Íslandi, með því innlend kennsla á máli landsbúa væri miklu hentugri og til meiri nota, ef ætlazt væri til að ómálarnir dveldi á Íslandi, að afloknu námi. Þessvegna ræði þingið til, að í stað orðanna: „verði komið til kennslu á hinn konunglega heyrnar- og málleysingja skóla í Kaupmannahöfn, nema því að eins að þeir sanni, að sæð verði um kennslu þessara barna á annan hátt, sem stiptyfirvöldin álíta nægilega tryggan“, verði sett: „verði komið annaðhvort til kennslu þeirrar, er fæst og fást kann hér á

¹) Tiðindi frá alþingi 1871, I., 8, 10, 14, 172—192, 245—253, 473 og 512; II., 150—152, 235—240, 247—249 og 319—323.

²) Tiðindi frá alþingi 1869, II., 293—297.

1872.

26. febrúar.

landi, svo framarlega sem stiptsyfirvöldin álíta hana svo fullkomna, sem þörf er á, eða þá, ef hlutaðeigendur heldur óska og stiptsyfirvöldunum þykir það ráðlegra, á hinn konunglega heyrnar- og málleysingja skóla í Kaupmannahöfn". — Þingið áleit, að það gæti að borið, að undantekning frá aðalreglunni, bæði um aldurshæð barnanna og um það, hvort senda skyldi þau til kennslu eða eigi, yrði nauðsynleg, og ræði því til, að við hina fyrri málsgrein kæmi svo hljóðandi viðauki: „Hlutaðeigandi amtmanni sè heimilt að gjöra undantekningu frá aðalreglunni, bæði um aldurshæð ómálans og hvort senda skuli hann til menntunarskólans eða ekki, þegar ástæður þykja til þess, að slíkt þurfi að koma til álita". Í síðari málsgrein frumvarpsins ræði þingið til, að í stað orðanna: „til einhverrar kennslustofnunar" yrði sett: „til kennslustofnunarinnar, hvorrar sem er". Að endingu þótti þinginu nauðsynlegt, að ákveðið væri, að þá er þeir ómálar, er lokið hefði námi, ætti eigi foreldra á lífi, eða foreldrarnir væri eigi færir um að annast þá svo vel, sem óskandi væri, skyldi þeir vera undir yfirvalda umsjón, og skyldi þessi umsjón vera falin presti og hreppstjóra á hendur.

Í álitsskjali sínu lagði konungsfulltrúi til, að þessar breytingar á frumvarpinu yrði teknar til greina, en ræði samt til, að það skyldi haldast óbreytt, sem fyrir væri mælt í niðurlagi fyrstu málsgreinar frumvarpsins, að eigi skyldi vera skylt að koma heyrnar- og málleysingjum fyrir til kennslu á kennslustofnun eða menntunarskóla, ef það yrði sannað, að sèð yrði um kennslu þeirra á annan hátt, sem stiptsyfirvöldin álíti nægilega tryggan, og lagði hann þar að auki til, að umsjón sú, sem ætlaðt væri til að hreppstjórar hefði með þeim ómálum, sem hefði aflokið námi sínu, skyldi falin á hendur hreppsnefndum, ef þær yrði stofnaðar á Íslandi.

Kirkju- og kennslustjórnin varð fyrir sitt leyti að fallast á tillögur alþingis með þeim breytingum, sem konungsfulltrúi hafði stungið uppá; samt skyldi það falið á hendur stiptsyfirvöldunum, en ekki hlutaðeiganda amtmanni, að gjöra undantekning frá því, sem fyrir væri mælt um aldurshæð heyrnar- og málleysingja. Orðunum „til einhverrar kennslustofnunar" í fyrstu málsgrein frum-

varpsins var breytt í „til kennslustofnunarinnar” (í 2. grein tilskipunarinnar).

1872.

26. febrúar.

Eptir að húðið var að breyta frumvarpinu samkvæmt þessu á þá leið, að því var skipt í þrjágreinir, og bætt við í 3. grein á eptir orðunum „foreldrar þeirra” þessu: „eða aðrir vandamenn”, og lagaboðið kallað „tilskipun”, lagði stjórnarráðið til í þegnlegri skýrslu sinni um frumvarpið, að það yrði gjört að lögum.

22. Tilskipun handa Íslandi, um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum. (á Íslenzku og Dönsku).

26. febrúar.

Vér Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar handa Íslandi um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Af allskonar víni og brennivíni eða þessháttar tilbúnum áfengum drykkjum, sem flytjast til Íslands, skal greiða aðflutningsgjald, 8 sk., af hverjum potti, ef þeir eru fluttir á árum, tunnum, eða öðrum stórum flátum, en sè þeir tappaðir á flöskur, krukkur, brúsa eða þesskonar ílát, skal greiða 8 sk. af hverjum 3 pelum.

Gjald þetta rennur í landssjóðinn.

2. grein.

Þegar skip, sem á að kaupa leiðarbréf eða greiða lestagjald það, sem ákveðið er með lögum 15. apríl 1854, kemur á íslenzka höfn með vörur, sem greiða á gjald af samkvæmt 1. gr., má ekki byrja að afferma það, áður en húðið er að greiða gjaldið. Eigi ekki að afferma skipið á þeim stað, þar sem á að sýna lögreglustjóranum leiðarbréfið og hin önnur skipaskjöl, sem getið er um í tæðum lögum, skal samt greiða honum gjaldið af öllum þeim vörum í skipinu, sem eru af áður nefndri tegund, — þó að undanskildu því, sem haft er meðferðis handa skipverjum sjálfum,